

## Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn að Glerárgötu 26, 19.nóvember 2012 kl. 16.30



Fundinn sátu: Þröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Magnús Gauti Gautason, Margrét Ólafsdóttir, Hörður Sigurharðarson, Ármann Ketilsson og Þóra Leifsdóttir framkvæmdastjóri. Áslaug og Hörður fóru kl. 17.30.

### 1. Formannafundur ÍBA

Formannafundur ÍBA verður haldinn 29.nóvember n.k. rædd var dagskráin, staðsetning og annað fyrirkomulag. Margrét tók að sér að fá tilboð frá Rub 23.

### 2. Formannafundur ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ verður föstudaginn 23.nóvember nk. Hvorki Þröstur né Haukur sáu sér fært að fara, Margrét ætlaði að skoða sína möguleika.

### 3. Málefni Keiludeildar Þórs

Bréf barst frá ÍRA varðandi erindi Keiludeildar Þórs um húsnæðisstyrk.

Farið var yfir umsóknina og ákveðið að skoða nánar og fá upplýsingar t.d. frá ÍBR um samskonar greiðslur.

Ákveðið að svara með greinargerð um hvernig fjármununum er varið sem Akureyrarbær greiðir til ÍBA vegna húsaleigustyrkja.

### 4. Æfingaaðstaða Draupnis, staða mála

Flutningur Draupnis var samþykktur og hefur gengið eftir. Framkvæmdir fyrir GA eru komnar í farveg og er kostnaður vegna framkvæmdanna er áætlaður 8-10 milljónir.

Magnús gerði athugasemd við að seinna bréfið sem var sent frá stjórn vegna málsins hafi ekki verið borið undir stjórn til samþykktar.

Lagt var til að athugað yrði að fá fram umræðu um nýtingu á íþróttamannvirkjunum.

### 5. Íþróttamaður Akureyrar

Rædd var hugmynd um að sameina athöfn ÍBA um Íþróttamann Akureyrar við viðurkenningaathöfn Akureyrarbæjar en fundarmenn voru sammála um að það yrði ekki til bóta. Margrét tók að sér formennsku undirbúningsnefndarinnar og hefur nefndarstörf.

### 6. Málþing ÍBA

Málþing ÍBA var vel sótt og þótti mjög vel heppnað. Yfir 60 manns mættu og fannst erindin mjög áhugaverð. Rætt var um að reyna að fá fyrirlestrana til að setja á heimasíðu ÍBA.

### 7. Ósk um samvinnu ÍBA og UFA vegna landsmóta og Unglingalandsmóts 2015.

Rætt um þátttöku ÍBA á landsmótum, hvert framlag ætti að vera og hvernig að staðið.

Varðandi landsmótið á Akureyri 2015 var lagt til að undirbúningsnefnd yrði sett saman af fulltrúum UFA, ÍBA, ÍRA og Íþróttafulltrúa. Æskilegt er að fá framkvæmdastjóra fyrri

Unglingalandsmóta til að koma og kynna framkvæmdina. Ákveðið var að setja málið á dagská formannafundar til að upplýsa og opna fyrir þátttöku allra aðildafélaga.

### 8. Önnur mál.

Margrét og Haukur sögðu frá málþingi ÍSÍ um konur og íþróttir, sem þau fóru á.

Sagt var frá skýrslu um Frístundaskóla sem stefnt er að hefjist haustið 2013. Þröstur var fulltrúi ÍBA í undirbúningsnefnd en markmiðið er að mynda samfelldan skóladag hjá börnum þar sem fléttað er saman íþróttaiðkun, tómstundum og listsköpun.

Þóra sagði frá fundi nefndar um hlutverk og samstarf Héraðssambanda og Bandalaga.

Rætt var um erindi Andrésarnefndar vegna afnota Íþróttahallarinnar.

Þóra sagði Formann Kraftlyftingafélagsins hafa haft samband til að fá ráðleggingar um starfið.

Ákveðið var að stofna til fundar með Íþróttafulltrúa til að fara yfir málin með félaginu.

Lagðar voru fram fyrstu hugmyndir að starfsreglum stjórnar. Lagt var til að stjórn skoði þær og málið verði tekið fyrir á næsta fundi.

Erindi frá Karli hjá Akureyrarbæ um taprekstur hluta aðildarfélaganna. Stjórnarmenn voru sammála um að það væri ekki hlutverk ÍBA að hafa eftirlit með fjármálum aðildarfélaganna, eingöngu að vera milliliður í upplýsingastreymi og eftirfylgni.

Frá Bílaklúbb Akureyrar barst tölvupóstur til upplýsingar um stofnun sérsambands. Kom fram hjá BA að ekki er eining um að taka þátt í stofnuninni vegna kröfu um yfirtöku gamalla skulda og fleiri mála.

Rætt var um umsóknir til Afreksjóðs, breytingar sem hafa orðið.

Fundi var slitið kl. 18.40

Margrét Ólafsdóttir, ritari